

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð Margrétar Árnadóttur, Alviðru, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1975. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Margrétar Árnadóttur, Alviðru, og er stofnaður af eftirlifandi manni hennar, Magnúsi Jóhannessyni, Alviðru í Ólfushreppi, Árnessýslu.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf sjóðstofnanda um konu sína, að fjárhæð kr. 1 000 000.00 — ein milljón króna — Tekjur sjóðsins eru vextir af þessum höfuðstól, gjafir og aðrar tekjur, sem honum kunna að áskotnast, svo og þeir fjármunir sjóðstofnanda, sem óráðstafaðir kunna að vera úr dánarbúi hans, sbr. arfleiðslugerning dags. í dag.

### 3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði, eða með því að kaupa fyrir það ríkisskuldabréf. Jafnframt sé þess gætt, að ávaxta það með hæstu vöxtum, og verðtryggja það, eftir því sem kostur er.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heilbrigðis- og líknarmál í Árnessýslu, og skal verja til þess tekjum sjóðsins að nokkru eða öllu leyti, en aldrei má þó skerða höfuðstól hans. Hlutverk sjóðsins er nánar tiltekið: a) að hjálpa sjúku, einstæðu eða öldruðu fólki, sem á í heilsufarserfiðleikum, b) að kaupa, eða leggja fram með öðrum til kaupa á lækningartækjum fyrir Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi. Stjórn sjóðsins er heimilt að fresta úthlutun eða framlögum úr sjóðnum og færa þau milli ára.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera í höndum stjórnar Kvenfélags Selfoss á hverjum tíma, ber hún ábyrgð á sjóðnum, og sér um úthlutun úr honum. Reikningar sjóðsins skulu gerðir upp um áramót hver, og því næst sendast sýslumannsembættinu á Selfossi til athugunar og endurskoðunar. Reikningarnir skulu því næst birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Selfossi, 26. apríl 1975.

Magnús Jóhannesson.